

Mál nr. 392/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna breytts þrýstings á vatni.****Gögn.**

Málskot mótttekið 13.11.2019 ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V dags. 26.11.2019 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti lýsir M atvikum svo að hinn 18. febrúar 2019 hafi A sent frá sér tilkynningu um minnkaðan þrýsting á köldu vatni inn í húsnæði M hinn 23. febrúar 2019, en kalt vatn sé forsenda þess að segulómunartæki sem M notar við starfsemi sína sé nothæft. M hafi gripið til ráðstafana til að bregðast við minnkuðum þrýstingi. Að morgni hins 23. febrúar hafi umrætt tæki hins vegar stöðvast, enda enginn vatnsþrýstingur til staðar. Þetta hafi haft þær afleiðingar að senda hafi þurft sjúklinga heim og kalla út tæknimenn. Í tjónstilkynningu sem M sendi V vegna atviksins kemur jafnframt fram að 3% af helíumbirgðum tækisins hafi tapast. M telur sig eiga rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þessa, enda hafi rangar upplýsingar um vatnsþrýsting leitt til umrædds tjóns.

V hefur hafnað bótaskyldu og í bréfi þess til nefndarinnar kemur fram að félagið telji að tjón M verði ekki rakið til skaðabótaskyldrar háttsemi A, heldur til eigin sakar M sem ekki hafi brugðist réttilega við tilkynningu frá A sem þó hafi verið með þeim hætti að ljóst væri að breyttur þrýstingur mundi hafa áhrif á starfsemi M. Þá falli tjón M jafnframt utan við gildissvið umræddrar váttryggingar, enda komi fram í 2. gr. skilmála hennar að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á váttryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum. Af gögnum málsins, þ.á.m. tjónstilkynningu, verði ekki ráðið að M hafi orðið fyrir munatjóni heldur felist tjón þess í töpuðum viðskiptum og því að helíum lak af segulómsjá. Falli tjón M því utan gildissviðs váttryggingarinnar.

Álit.

Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að tjón M felist í tekjutapi vegna þess að afboða hafi þurft sjúklinga þar sem áður nefnt segulómunartæki var ónothæft. Jafnframt má ráða af fyrirbyggjandi tjónstilkynningu að kalla hafi þurft til tæknimenn vegna þess að tækið stöðvaðist og að kostnaður hafi komið til vegna þess. Þá tekur M fram að 3% helíumbirgða tækisins hafi glatast. Í skilmálum viðeigandi váttryggingar kemur fram að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á váttryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum. Ofangreint tjón M verður hvorki talið líkamstjón né munatjón í skilningi skilmálanna. Verður því að telja að tjón M falli utan við gildissvið ábyrgðartryggingar A og þegar af þeirri ástæðu ber að hafna kröfum þess.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 3. janúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.